

## ICELANDAIR: MARKAÐURINN TIL ÍSLANDS TEKUR VIÐ SÉ

Icelandair flutti 409 þúsund farþega í október, 12% fleiri en á sama tíma í fyrra. Þar af voru 35% á leið til Íslands, 17% frá Íslandi, 42% ferðuðust um Ísland og 6% innan Íslands. Eftirspurn eftir ferðum til Íslands hefur aukist á nýjan leik eftir minni eftirspurn mánuðina á undan. Sætanýting var 84,6%, ein sú hæsta í októbermánuði. Stundvísi var 84,4% og jókst um 4,2 prósentustig á milli ára. Það sem af er ári hefur Icelandair flutt yfir fjórar milljónir farþega, 8% fleiri en á sama tíma í fyrra.

### Bogi Nils Bogason, forstjóri Icelandair:

„Það er mjög ánægjulegt að sjá aukningu á ferðalögum til Íslands á ný og enn og aftur hvernig sveigjanleikinn í leiðakerfinu nýtist til þess að leggja áherslu á þá markaði þar sem eftirspurn er mest hverju sinni. Að sama skapi er mikill kraftur í ferðalögum Íslendinga með Icelandair en 11% aukning var á markaðnum frá Íslandi á milli ára.

Stundvísi og sætanýting er áfram mjög góð auk þess sem viðskiptavinir halda áfram að gefa okkur háa einkunn í þjónustukönnunum. Sætanýting á Saga Premium var mjög góð í mánuðinum en varan hefur notið aukinna vinsælda að undanfögnu. Leiguflugsstarfsemin hefur gengið mjög vel undanfarið og í október var 60% vöxtur í seldum blokk tímum á milli ára, auk þess sem aukning var á tonnkilómetrum í fraktstarfseminni í fyrsta sinn í nokkra mánuði.

### Nánari upplýsingar

Fjárfestar: Kristófer Hlynsson, fjárfestatengill. Netfang: [kristoferh@icelandair.is](mailto:kristoferh@icelandair.is)

Fjölmiðlar: Ásdís Pétursdóttir, forstöðumaður samskipta og sjálfbærni. Netfang: [asdis@icelandair.is](mailto:asdis@icelandair.is)

### Viðhengi

[10 Traffic Data](#)